

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

Frá Helga Hjörvar.

Við 34. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði í 1. og 2. mgr. 24. gr. laganna skal sveitarstjórn ákveða fyrir 30. desember 2010 hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á árinu 2011, sbr. 1. mgr. 23. gr. laganna svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ákvörðun sveitarstjórnar skal sömuleiðis tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 30. desember 2010.